

SAMÞYKKT

um gatnagerðargjald í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Almenn heimild.

Af öllum nýbyggingum og stækkunum eldri húsa í þéttbýli í Seyðisfjarðarkaupstað, hvort sem er á eignarlóðum eða leigulóðum, skulu lóðarhafar greiða til sveitarfélagsins gatnagerðargjald samkvæmt samþykkt þessari, sbr 12. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006. Stofngjöld fráveitu og vatnsveitu og byggingarleyfis gjöld eru innheimt sérstaklega og ekki innifalin í gatnagerðargjaldi.

2. gr.

Ráðstöfun gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjaldi skal varið til gatnagerðar í sveitarfélaginu og viðhalds gatna og annarra gatnamannvirkja.

Tengi- og heimæðargjöld eru innheimt sérstaklega og ekki innifalin í gatnagerðargjaldi.

3. gr.

Gjaldstofn gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjald er tvíbætt. Annars vegar er það vegna nýrra bygginga og hins vegar vegna stækkunar á eldra húsnæði.

Stofn til álagningar gatnagerðargjalds er fermetrafjöldi byggingar á tiltekinni lóð. Gjaldstofninn er ákveðinn á eftirfarandi hátt:

- Þegar sveitarfélagið úthlutar lóð eða byggingarrétti á lóð er gatnagerðargjald lagt á í samræmi við fermetrafjölda þeirrar byggingar sem heimilt er að reisa samkvæmt samþykktum aðalteikningum.
- Þegar gatnagerðargjald verður ekki lagt á skv. a-lið, er við útgáfu byggingarleyfis lagt á gatnagerðargjald i samræmi við fermetrafjölda þeirrar byggingar sem byggingarleyfi tekur til.

Við álagningu skv. b-lið 2. mgr. skal miða við stærð húss samkvæmt samþykktum uppdráttum og ÍST 50.

4. gr.

Útreikningur gatnagerðargjalds.

Við álagningu gatnagerðargjalds skv. 3. gr. skal gatnagerðargjald reiknað út frá fjölda fermetra byggingar samkvæmt samþykktum aðalteikningum, hvort sem um er að ræða viðbyggingu, endurbyggingu, færslu á milli flokka, eða önnur tilvik.

Af hverjum fermetra skal greiða ákveðinn hundraðshluta byggingarkostnaðar pr. fermetra í vísitölöhúsi fjölbýlis eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987. Hundraðshluti byggingarkostnaðar ákvarðast eftir hústegund svo sem hér segir:

Einbýlishús með eða án bílageymslu	6,50%
Par-, rað- og keðjuhús, með eða án bílageymslu	6,00%
Fjölbýlishús með eða án bílageymslu	4,00%
Verslunar-, skrifstofu- og þjónustuhúsnæði	5,20%
Iðnaðar- og geymsluhúsnæði og annað atvinnuhúsnæði	4,50%
Aðrar byggingar	3,00%

Fjárhæðir taka breytingum 1. dag hvers mánaðar í samræmi við breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhússins (185.536 kr./m², byggingarvíslala 118,7 stig fyrir október 2013).

5. gr.

Undanþágur frá greiðslu gatnagerðargjalds.

Undanþegnar greiðslu gatnagerðargjalds eru eftirtaldar byggingar:

- a. Óeinangruð hús, minni en 10 fermetrar.
- b. Óupphituð svalaskýli íbúðarhúsa sem eru 20 fermetrar eða minni.
- c. Lagnakjallrar og aðrir gluggalausir kjallrar sem aðeins er gengið í innan frá.

6. gr.

Sérstök lækkunarheimild gatnagerðargjalds.

Sveitarstjórn er heimilt skv. 6. gr. laga nr. 153/2006 að lækka eða fella niður gatnagerðargjald af einstökum lóðum í sveitarfélagini við sérstakar aðstæður.

7. gr.

Gjalddagar og greiðsluskilmálar.

Gjalddagar gatnagerðargjalds skulu vera sem hér segir:

Við lóðarúthlutun skal greiða 50% gatnagerðargjalds. Þó skal einungis greiða 20% hafi gatan ekki verið lögð bundnu slitlagi þegar lóðarúthlutun fer fram og 30% þegar gatan hefur verið lögð bundnu slitlagi. Við útgáfu byggingarleyfis skal greiða 25% og þegar hús er fokhelt 25%.

Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Hafi gjöldin eigi verið greidd innan ofangreinds frests, fellur úthlutun lóðarinnar úr gildi.

Umsækjandi lóðar, sem fengið hefur sömu lóð úthlutað á ný og greiðir ekki innan mánaðar gatnagerðargjald, fær ekki úthlutað lóð í þriðja sinn, nema fyrir liggi greiðsla gatnagerðargjalds.

Af gjaldföllnu gatnagerðargjaldi skulu greiðast dráttarvextir, skv. ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá gjalddaga.

8. gr.

Ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds. Lögveðsréttur.

Lóðarhafi leigulóðar og eigandi eignarlóðar ber ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjald er ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

9. gr.

Endurgreiðsla gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt í eftirtöldum tilvikum:

- a) Ef lóðarhafi skilar úthlutaðri lóð eða ef lóðarúthlutun er afturkölluð.
- b) Ef gatnagerðargjald hefur verið greitt í tengslum við útgáfu byggingarleyfis, en leyfið fellur úr gildi.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt innan 30 daga, vegna endurgreiðslu skv. a-lið, sama gildir um gatnagerðargjald sem lagt hefur verið á í tengslum við útgáfu byggingarleyfis sbr. b-lið, en þá skal gatnagerðargjald endurgreitt innan 30 daga frá því að byggingarleyfishafi hefur sannanlega krafist endurgreiðslu.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt með verðbótum, án vaxta, miðað við breytingu á vísitölu neysluverðs frá því lóðarhafi greiddi gatnagerðargjaldið til endurgreiðsludags.

Um endurgreiðslu fer að öðru leyti skv. 9. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006.

10. gr.

Eldri samningar og skilmálar um gatnagerðargjald.

Um samninga um gatnagerðargjald af tilteknum lóðum, sem lóðarhafar eða lóðareigendur hafa gert við Seyðisfjarðarkaupstað fyrir gildistöku gjaldskrár þessarar, svo og skilmálar varðandi gatnagerðargjald, sem sveitarstjórn hefur sett fyrir sömu tímamörk og lóðarhafi og lóðareigandi hafa undirgengist, fer eftir þágildandi gjaldskrám.

11. gr.

Ýmis ákvæði. Gildistaka

Samþykktin er samin og samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar, skv. heimild í lögum nr. 153/2006 um gatnagerðargjald.

Nr. 1319

20. nóvember 2013

Samþykktin öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá um gatnagerðargjald í Seyðisfjarðarkaupstaði.

Samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar, 20. nóvember 2013.

Vilhjálmur Jónsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 19. febrúar 2014